

Dýraverndarsamband Íslands
Grensásvegi 8
108 Reykjavík

Akureyri, 19. september 2023
Tilvísun: 2309602

Efni: Svar við fyrirspurn vegna ólöglegra geldinga bænda á hrútum


Sæl.

Í bréfi sem þú sendir til Matvælastofnunar dags 15.9.2023 leggur þú fram þrjár spurningar til stofnunarinnar. Svörin set ég hér fram í samhengi við hverja spurningu fyrir sig:

1. Eru til gögn um það hjá MAST hversu mörg sauðfjárbýli nýta sér þjónustu dýralækna við geldingu á hrútum? Matvælastofnun getur nálgast gögn um einstakar dýralæknisaðgerðir í gagnagrunninum Búfjarheilsu. Við skoðun gagna fyrir árið 2022 kemur fram að dýralæknar geltu samtals 1112 hrúta á árinu, sem voru staðsettir á rétt tæplega 90 bæjum. Það er misjafnt milli ára hvaða bæir og hversu margir láta gelda hrúta. Í flestum tilfellum er um að ræða geldingu á lambhrútum sem hafa verið dæmdir of smáir til þess að vera sendir í sláturhús (undanvillingar, sumrunga o.fl)
2. Hvernig sér MAST til þess að sauðfjáreigendur gangi ekki sjálfir erinda dýralækna í fjárhúsum landsins? Matvælastofnun hefur engin tók á því tryggja að bændur gældi ekki sjálfir. Gengið er eftir því við eftirlit hvort sauðir séu á viðkomandi bæ og hver hafi gælt þá. Einnig er það skoðað þegar sauðir koma í sláturhús hver hafi gælt þá. Ef talin er víska fyrir því að bændur séu að gelda sjálfir hefur málið verið tekið fyrir á sameiginlegum fundi þar sem sitja héraðsdýralæknir, lögfræðingur dýravelferðar og sérgreinadýralæknir sauðfjár og þeir taka ákvarðanir um viðbrögð sem oftast eru stjórnvaldssekt.
3. Hefur MAST upplýsingar um hver staðan er nú og er verið að bregðast við? Viðbrögðum Matvælastofnunar er að hluta lýst hér að ofan. Að auki hafa bændur verið upplýstir um bannið, ítrekað með greinaskrifum í Bændablaðið t.d og málin rædd við sauðfjårbændur við eftirlit. Matvælastofnun hefur óskað eftir því við verslanir sem selja tækjabúnað til bænda að taka geldingatangir úr almennri sölu, en stofnunin hefur ekki heimildir til að banna söluna. Að öðru leyti er brugðist við með eftirliti og stjórnvaldssektum.

Þekkt er að einkum á þeim svæðum á landinu þar sem langt er í þjónustu næsta dýralæknis að bændur hafa verið að gelda sjálfir.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Sigurbjörg Ólóf Bergsdóttir
Sérgreinadýralæknir nautgripa og sauðfjár